

Pontus - Lambamjólk

Bústólpi flytur inn og selur lambamjólk frá Lantmännen í Svíþjóð. Hér er um þrautreynda úrvalsvöru að ræða sem ætluð er til fóðrunar á lömbum í tilvikum þar sem ær ná ekki að mjólka lömbunum nóg.

Lambamjólk inniheldur öll þau næringarefni sem lömbum eru nauðsynleg, en mikilvægt er þó að tryggja að lömbin fái í upphafi hrámjólk (2 til 3 dl) eins fljótt og auðið er eftir burð í tilvikum þar sem ætlunin er að fæða lambið eingöngu á lambamjólkinni. Þetta er mikilvægt þar sem hrámjólkin (broddmjólk) inniheldur mörg mikilvæg efni fyrir eðlilegan þroska ónæmiskerfisins hjá lömbunum.



Næringargildi pr. kg

Prótein	24%
Fita	24%
Aska	7 %
Kalsíum	0,8 %
Fosfór	0,6 %
Magnesíum	0,15 %
Vatn	3 %

Vítamín og steinefni pr. kg

Vítamín A	25.000 IE
Vítamín D3	6.000 IE
Vítamín E	100 IE
Vítamín B1	5 mg
Vítamín B2	3 mg
Vítamín B6	3 mg
Vítamín B12	0,02 mg
Vítamín C	100 mg
Pantotensýra	10 mg
Folinsýra	0,5 mg
Niacin	20 mg
Biotin	0,05 mg
Kopar	<5 mg
Selen	0,2 mg

Blöndun: 20% - 200 g mjólkurduft + 8 dl vatn gefur 1 lítra af tilbúinni lambamjólki

Fæst í 5 kg og 25 kg pokum